

**Ed.**

**561. Nefndarálit**

[191. mál]

um frv. til laga um Iðnrekstrarsjóð.

Frá iðnaðarnefnd.

Iðnaðarnefnd hefur skoðað frumvarp til laga um Iðnrekstrarsjóð og orðið sam-  
mála um að mæla með samþykkt þess með eftirgreindum

**BREYTINGUM:**

1. Við 2. gr. Síðari málsliður orðist svo:  
Heimilt er ráðherra að fela banka eða annarri fjármálastofnun daglega af-  
greiðslu sjóðsins.
2. Við 6. gr. Orðin „stærri og“ í síðasta lið falli burt.
3. Við 7. gr.:
  - a) Upphaf 1. málgr. orðist svo:  
Sjóðurinn má kaupa og selja hlutabréf í starfandi fyrirtækjum o. s. frv.
  - b) 2. málgr. falli brott.
4. Svofellt ákvæði til bráðabirgða bætist aftan við frv.:

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Lög þessi, svo og önnur lög um lánasjóði iðnaðarins, skal taka til endurskoðunar  
hið fyrsta með það fyrir augum að sameina sjóðina og verkefni þeirra.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Þorvaldur Garðar Kristjánsson.  
Nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja og fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 5. apríl 1973.

Steingrímur Hermannsson,  
form., frsm.

Halldór Kristjánsson,  
fundaskr.

Ragnar Arnalds.

Björn Fr. Björnsson.

Eggert G. Þorsteinsson.

Geir Hallgrímsson.